

18. október 2022



Hreinsun Heiðarfjalls

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



Forsaga

- Á Heiðarfjalli er aflögð ratsjár- og fjarskiptastöð.
- Bandaríska herliðið hafði afnot af svæðinu frá árinu 1954 og rak ratsjár- og fjarskiptastöð á fjallinu í þrettán ár til ársins 1970.
- Á svæðinu er úrgangur og staðfest mengun frá þessum tíma.
- Íslensk stjórnvöld afsöluðu sér kröfum á hendur Bandaríkjunum vegna hugsanlegra landspjalla í tengslum við veru hersins á Heiðarfjalli.



Þingsályktun um hreinsun Heiðarfjalls (þskj. 1417, 779. mál á 151. löggjafarþingi)

- Ráðherra falið að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar í jarðvegi og grunnvatni á Heiðarfjalli
- Tímasett áætlun um kostnað og hreinsun á úrgangs- og spilliefnum þannig að tryggt verði að staða umhverfis- og mengunarmála samræmist kröfum dagsins í dag.
- Unnið í nánu samstarfi við landeigendur.



Ráðuneytið leitaði eftir mati og upplýsingum frá Umhverfisstofnun.

Stofnunin benti á að:

- þörf á frekari rannsóknum á Heiðarfjalli áður en hægt er að fara í beinar hreinsunaraðgerðir
- nokkrar ratsjárstöðvar verið reknar á Íslandi á vegum Bandaríkjahers sem og önnur hernaðarmannvirki
- Líklegt að áþekkt mengunarálag sé á þessum stöðum og jafn mikil þörf á að ráðast í samskonar úttektir og rannsóknir og um ræðir á Heiðarfjalli.



Ráðuneytið fól Umhverfisstofnun að:

- halda utan um forkönnun
- gera áætlun á umfangi og kostnaði nauðsynlegra rannsókna til að ná utan um umfang mengunar
- setja upp skilti á svæðinu með upplýsingum um mengunarhættu

Aflögð ratsjár- og fjarskiptastöð bandaríska hersins á Heiðarfjalli

Mengun í jarðvegi

Græta skal fylgta varúðar við ferðir í svæðinu. Ferðast skal að neyta matar og dýrkjalar og einnig er stöðugt á milli gegn neyslu allra gjarna, þarja eða annars sem væri á svæðinu.

Polluted soil

Extra precautions should be taken when travelling in the area. Food and drink consumption should be avoided, as is the consumption of all plants, berries, or anything else that grows in the area strongly discouraged.



Fróðannsóknir hafa sýnt fram á að smátt og þannig mengun af PCB og öðrum mengandi efnum.

Fróðannsóknir hafa sýnt fram á að smátt og þannig mengun af PCB og öðrum mengandi efnum.

Fróðannsóknir hafa sýnt fram á að smátt og þannig mengun af PCB og öðrum mengandi efnum.

Fróðannsóknir hafa sýnt fram á að smátt og þannig mengun af PCB og öðrum mengandi efnum.

Discontinued US Military installation in Mount Heiðarfjall

Preliminary research shows that the military installation and the surrounding area is heavily contaminated with PCB and other pollutants.

The US equipped the area with radar and other advanced communication systems on Heiðarfjall.

The removal of PCB and other pollutants is a complex task and requires a long-term plan. The removal of PCB and other pollutants is a complex task and requires a long-term plan.

Other pollutants that have been identified in the area and may be harmful to humans and animals should also be removed.



Skiltið á Heiðarfjalli



Samráð og upplýsingagjöf

- Ráðuneytið og Umhverfisstofnun funduðu reglulega með fulltrúum landeigenda þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins og næstu skref.
- Fulltrúi utanríkisráðuneytisins tók eftir atvikum þátt í fundunum.
- Fundir með fulltrúum frá Environmental Sciences Group í Royal Military College í Kingston, Ontario og fulltrúum Norwegian Geotechnical Institute (NGI).
- Upplýsingum var komið til Langanesbyggðar og til íbúa á svæðinu.



Forkönnun (áætlun) á umfangi og kostnaði nauðsynlegra rannsókna til að ná utan um umfang mengunar á Heiðarfjalli.

- Umhverfisstofnun gerði samning við NGI um gerð greiningarskýrslu um hvaða áframhaldandi rannsóknir þurfi að framkvæma á Heiðarfjalli þannig að hægt sé að taka ákvörðun um mögulegar hreinsunaraðgerðir.
- NGI byggði vinnu sína m.a. á upplýsingum frá ÍSOR og landeigendum, ásamt loftmyndum og aðgengilegum kortasjám og rannsókni Environmental Science Group.



NGI leggur til að skipta seinni hluta frumrannsóknarinnar upp þrjá áfanga:

1. Vettvangsferð og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir, sýnataka úr jarðvegi, vatni og byggingarefni ásamt því að kortleggja þau svæði sem upplýsingar vantar um.
2. Áhættugreining og mengunin sem mælist í fyrsta áfanga og sú mengun sem mældist í fyrri frumrannsóknum borin saman við viðmiðunargildi.
3. Boraðar verði grunnvatnsholur til að rannsaka og fylgjast með dreifingu mengunar frá svæðinu og yfirborðsvatnssýni tekin.

Niðurstöður annars áfanga stjórna því hvort þriðji áfangi verði framkvæmdur.

Gert er ráð fyrir að framangreint taki um eitt og hálf ári.

Mikilvægt er að vinna við að klára frumrannsóknir verði unnin að höfðu nánú samráði við landeigendur.



Aðkoma Geislavarna ríkisins

- Há gildi af úrani mældust í fyrri hluta frumrannsóknanna á Heiðarfjalli. Sérfræðingar frá Geislavörnum ríkisins þurfa að fara á svæðið og framkvæmi gamma mælingar áður en seinni hluti frumrannsóknanna fer fram.
- Gert er ráð fyrir að samhliða fyrsta áfanga verði tekin vatnssýni og að Geislavarnir ríkisins rannsaki hvort í þeim greinist geislun.
- Áætlaður kostnaður vegna framangreindra þriggja áfanga, vinnu Geislavarna ríkisins, aðkeyptrar þjónustu ráðgjafa á framkvæmdatíma, útboðs og ferðakostnaðar er á bilinu 55 til 70 milljónir króna.



Áætlun um hreinsun á svæðinu og mat á kostnaði

- Þegar framangreindri forkönnun er lokið er hægt að útbúa áætlun um eftirlit, framfylgja henni og útbúa áætlun um hreinsun á svæðinu.
- Undirbúningur hreinsunaraðgerða getur tekið um tvö til fjögur ár með tilheyrandi ráðgjafakostnaði.
- Á undirbúningstímanum má gera ráð fyrir að framkvæma þurfi eina eða fleiri prófanir á mismunandi hreinsunaraðgerðum.
- Þegar þessu er lokið þá er hægt að gera áætlun um framkvæmdir sem fara þarf í til að hreinsa svæðið og kostnaðarmeta þær.
- Umfang forkönnunarinnar og kostnaður við hana er lítið brot af umfangi og kostnaði við þær rannsóknir sem eftir eru til að klára framangreinda frumrannsókn.
- Hreinsun á svæðinu er umfangsmikil og kostnaðarsöm.